



## **Fundargerð**

Fundur umdæmisstjórnar haldinn 5.mars 2024 kl.17:00 á heimili umdæmisstjóra á Selfossi.  
Mættar voru: Sigríður umdæmisstjóri, Ragnhildur gjaldkeri, Jóhanna ritari og María viðtakandi umdæmisstjóri. Ágústu fyrrverandi umdæmisstjóri var fjarverandi.

Á dagskrá fundarins var að ræða og undirbúa Umdæmisþingið 25.maí nk.

- Dagskrá er að mestu tilbúin. Þingið verður haldið í Tryggvaskála á Selfossi og hefst kl.12:00 með þingsetningu og að henni lokinni verður hádegisverður.
- Þingstörf hefjast síðan kl.13:30 og verða hefðbundin að mestu, auk þess sem ræða þarf stöðu Innerwheel á Íslandi og þeirra áskorana sem klúbbarnir og umdæmið standa frammi fyrir.
- Að lokinni formlegri fundardagskrá verður farið í Selfosskirkju þar sem látinna félaga verður minnst áður en farið verður í skoðunarferð með leiðsögn um nýja miðbæinn á Selfossi. Að því loknu verður kveðjustund og kaffiveitingar í Hótel Selfossi.
- Þáttökugjald á þingið verður kr.5.500 á mann. Klúbbar þurfa að tilkynna þátttöku á þar til gerðum þáttökulistum sem sendir verða klúbbum fljótlega.
- Stefnt er að því að fundargögn á þinginu verði afhent í merktum IW pokum

Fleira ekki rætt og fundi lauk um kl.19:00

Jóhanna Róbertsdóttir